

STRANDAVEGUR (643)

Djúpvegur – Geirmundarstaðavegur í Strandabyggð



Kristján Kristjánsson



Veghönnunardeild
september 2010

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT	2
1.2	TILGANGUR OG MARKMIÐ	2
1.3	MATSSKYLDA.....	3
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	3
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR	4
1.6	RANNSÓKNIR.....	6
1.7	STAÐA SKIPULAGS	6
1.8	NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI	6
1.9	LEYFISVEITENDUR	7
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	8
2.1	STAÐHÆTTIR	8
2.2	NÚVERANDI VEGUR, NÚLLKOSTUR	8
2.3	UMFERÐ	9
3	KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING	10
3.1	KOSTIR	10
3.2	FRAMKVÆMDALÝSING	11
3.3	FRÁGANGUR	15
3.4	FRAMKVÆMDATÍMI	15
3.5	VINNUBÚÐIR.....	16
3.6	REKSTUR.....	16
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	17
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	17
4.2	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	18
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	19
5.1	MANNLÍF OG ÚTIVIST	19
5.2	JARÐMYNDANIR OG VATN	19
5.3	LANDSLAG	20
5.4	FORNMINJAR	20
5.5	GRÓÐURFAR OG FUGLAR.....	21
5.6	LÍFRÍKI FJÖRUNNAR	25
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	26
7	NIÐURSTAÐA	27
8	HEIMILDIR	28
9	UPPDRÆTTIR	28
10	FYLGISKJÖL	28

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin kynnir með skýrslu þessari 2,8 km langa vegaframkvæmd á Strandavegi (643), af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að Geirmundarstaðavegi í mynni Selárdals. Jafnframt er fjallað um breytta legu Staðarvegar (0,70 km) og Stakkanesvegar (0,16 km) og tengingu Grænanes við Strandaveg (0,26 km). Ekki hefur verið sótt um framkvæmdaleyfi. Heildarlengd nýrra vega er tæpir 4,0 km og eru að mestu nýlagnir. Nýjar veglínur liggja að mestu leiti fjarri núverandi vegum. Nýr kafli Strandavegar verður af vegtegund C₈, sem er 8,0 m breiður. Aðrir vegir verða af vegtegund D₄, 4,0 m breiðir. Framkvæmdin er lokaáfanginn við að leggja bundið slitlag á leiðina milli Hólmavíkur og Drangness.

Framkvæmdasvæði er í Strandabyggð og nýir vegir liggja um lönd jarðanna Hrófbergs, Stakkaness og Grænanes. Námur D og E eru á landamerkjum Stakkaness og Hofstaða, náma A er á landamerkjum Geirmundarstaða og Stakkaness en námur B og C eru í landi Bassastaða í Kaldrananeshreppi. Selá skiptir löndum milli þessarar sveitarfélaga.

Áætluð heildarefnisþörf í veginn er um 170 þús. m³. Heildarmagn skeringa er um 74 þús m³. Stefnt er að því að framkvæmdir við verkið hefjist 2011 og að verklok verði 2012. Vegagerðin telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Hún mun stuðla að greiðfærari og öruggari samgöngum.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka greiðfærni og umferðaröryggi. Tilgangurinn byggist á markmiðum Vegagerðarinnar en þau eru:

Greiðar samgöngur með góðri þjónustu
Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins
Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist
Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa

og markmiðum um þróun í samgöngum, sem sett eru fram í samgönguáætlun 2009-2012:

Greiðari samgöngur
Hagkvæmni við uppbyggingu og rekstur
Umhverfislega sjálfbærar samgöngur
Öryggi
Jákvæð byggðapróun

1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Í ljósi 37. gr. laga nr. 44/1999, Náttúruverndarlaga, ber að kanna matskyldu sbr. c. lið 10. töluliðar viðauka 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999. Umræddur kafli Strandavegar liggur á um 2,3 km kafla um áreyrar, leirur, sjávarfitjar, fjörur og grunnsævi. Sérstök vernd er á sjávarfitjum og leirum.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við hlutaðeigandi aðila.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Helsta áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Steingrímsfjörður en framkvæmdin mun hafa áhrif á alla sem leið eiga þar um. Framkvæmdasvæðið er í Strandabyggð en gert er ráð fyrir að hluti steinefna til verksins verði fenginn úr námum í Kaldrananeshreppi.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur.

Vegsvæði Strandavegar, sem er tengivegur, telst vera 40 m breitt og nær 20 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar. Vegurinn verður ýmist á fyllingum eða skeringum. Stærstu skeringar eru á milli stöðva 1000 og 1350, 1640-1740 og 2060 og 2800. Almenn er miðað við að raska eins litlu svæði og unnt er við vegaf framkvæmdir og áhersla verður lögð þar á í útboðsgögnum.



Mynd 1: Sér yfir neðsta hluta framburðarkeilu Staðarár.
Horft til suðurs yfir Stakkanes.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR

Samráð var haft við eigendur eftirtalinnna jarða, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:

Hrófberg
Hofstaðir vegna efnistöku
Stakkanes
Grænanes
Geirmundarstaðir
Bassastaðir vegna efnistöku

Samráð var haft við sveitarfélögin Kaldrananeshrepp, vegna efnistöku og framkvæmdaleyfis hennar vegna, og Strandabyggð, vegna legu vegar, skipulags, efnistöku og framkvæmdaleyfis.

Samráð hefur verið haft við Fornleifavernd ríkisins vegna fornleifa og verður haft við eftirtaldar stofnanir:

Umhverfisstofnun um efnistöku og frágang á svæðinu.
Fiskistofu vegna framkvæmda á árósum, grunnsævi og veiðisvæðum

Athugasemdir frá landeigendum:

Hrófberg:

Eigandi Hrófbergs hefur stefnt Vegagerðinni vegna þess hve Staðará hefur breytt farvegi sínum neðan brúar frá því brúin var byggð 1952. Vegagerðin telur að til einhverra fyrirhleðslna eða varnargarða muni koma til að halda ánni í farvegi um og við landamerkin eins og þau voru ákveðin í dómi Hæstaréttar nr. 219/1998. Rétt er taka fram að fyrirhleðslur eru á könnu Landgræðslu ríkisins.

Grænanes:

Samkvæmt fasteignaskrá eru eigendur Grænaness 23. Eignarhlutir eru breytilegir; allt frá 0,75 % að 47,0 %. Skiptar skoðanir eru á legu vegarins. Eigendur Grænaness gerðu ekki athugasemdir við skipulagstillöguna en nokkrir svöruðu fyrirspurnun Vegagerðarinnar, sumir í símtali aðrir í tölvupósti eða bréflega. Tvö bréf bárust, hvort um sig undirritað af þremur einstaklingum. Þeir eru allir mjög andsnúnir fyrirhugaðri legu. Ennfremur tölvupóstur og eitt símtal. Sjá fylgiskjal 4.

Úr bréfi Sigurðar Hólms Sigurðssonar, Ingibjargar Fanneyjar Sigurðardóttur og Guðrúnar Magndísar Sigurðardóttur, dagsett í Reykjanesbæ 12.07.2010.

„Jörðin Grænanes er sjávarjörð og verðmæti jarðarinnar liggja fyrst og fremst í legu hennar mót suðri, fjörunni og aðgengi að sjó. Með fyrirhugaðri vegalagningu væri aðgengi að fjörunni algjörlega útilokað og ég tali nú ekki um þau umhverfisspjöll sem slík framkvæmd myndi valda lífríki fjörunnar.“

Vegagerðin vill í þessu sambandi benda á að aðgengi að fjörunni er erfitt við núverandi aðstæður. Mjög bratt er frá húsunum á Grænanesi niður í fjöruna. Vegagerðin útilokar ekki tengingu niður í fjöruna á móts við breytta heimreið að

Grænanesi (við stöð 2400) eða gerð aðstöðu neðan vegar annað hvort nærri stöð 1100 eða 2100. Hafa verður í huga að Grænanes á land að fjöru alveg að Selá og töluverðir möguleikar á aðkomu að sjó á því svæði, þótt votlent sé.

Úr bréfi Björns Arasonar, Arndísar Björnsdóttur og Jóns Rúnars Arasonar, dagsett í Reykjavík 20.07.2010:

„Fyrirhugaðar framkvæmdir munu eyðileggja öll núverandi hlunnindi og nýtingu eigenda jarðarinnar að henni og rýra verðgildi hennar til framtíðar. Með nýjum vegi verður veruleg röskun á náttúru- og dýralífi á jörðinni og nýtingu þess fyrir jörðina og svæðið. Má benda á að í fjörunni er fjölbreytt fuglalíf. Þá má benda að ekki hefur verið leitað áhlits Fiskistofu eða Landbúnaðarstofnunar (Veiðimálastofnunar) á áhrifum framkvæmda á svæðinu. Það er mat okkar að fyrirhugað vegastæði mun hafa varanleg áhrif á veiði á svæðinu til verri vegar. Það er óásættanlegt að ekki sé leitað eftir álitum umræddra stofnanna um áhrif framkvæmda á svæðinu.

Við leggjum til að fyrirhuguðum vegi verði fundið annað vegastæði sem leiði ekki til eyðileggingar á jörðinni og mótmælum harðlega fyrirhuguðu vegastæði eins og því er lýst í bréfi Vegagerðarinnar.“

Mat Vegagerðarinnar, byggt á rannsóknum Náttúrustofu Vestfjarða, er frábrugðið mati bréfitara.

Gunnlaugur Sigurmundsson sendi tölvupóst, dagsettan 20.08.2010, þar sem hann segir að breytingar á veginum séu í lagi sín vegna.

Vegagerðin vill benda á að enginn af eigendum Grænaness gerði neinar athugasemdir við aðalskipulagstillögu Strandabyggðar þótt framlögð leið væri sett þar fram.

Stakkanes:

Haraldur Guðmundsson, eigandi jarðarinnar, hefur lýst sig samþykkan fyrirhugaðri legu Strandavegar, en er ósáttur við legu heimreiða að Stað og Stakkanesi sjá kafla 3.1.1 hér að framan. Guðmundur Björnsson, fyrrum eigandi jarðarinnar og eigandi sumarhúss í landi Stakkaness hefur einnig lýst sig samþykkan.

1.6 RANNSÓKNIR

Vegagerðin hefur staðið fyrir athugunum á gróðurfari, fuglalífi, lífríki fjörunnar og fornleifum. Náttúrustofa Vestfjarða hefur annast þessar athuganir, sjá heimildir [3-6].

Vegagerðin mun kanna sjávarbotn undan Grænanesi með hliðsjón af stæðni og/eða stöðugleika fyllinga og kanna burðargetu jarðlaga vegna grundunar brúar á Staðará.

Vegsvæðið hefur verið mælt upp til að tryggja að magntölur séu byggðar á réttum forsendum.

Eiginleikar jarðefna í eyrum Staðarár (námur E og D), melum í Seláradal (náma A) og bergi milli Hálgötugils og Fagurgalavíkur (námur B og C) eru þekktir þar sem efni úr þessum jarðmyndunum hefur verið notað við vegagerð í Steingrímsfirði undanfarinn áratug eða svo.

1.7 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag Strandabyggðar er í vinnslu. Ekkert skipulag er því í gildi á framkvæmdasvæðinu. Við aðalskipulagsgerðina er gert ráð fyrir þeirri legu Strandavegar og tilheyrandi heimreiða sem hér er kynnt. Tekið skal fram að Skipulagsstofnun hefur samþykkt skipulagstillöguna til auglýsingar. Aðalskipulagið var auglýst 15.06.2010 með athugasemdafresti til 28.07.2010. Engin athugasemd, er snertir samgönguþátt skipulagstillögunnar, mun hafa borist. Við vinnslu skipulagstillögunnar óskaði Landmótun eftir umsögn Umhverfisstofnunar, með erindum dagsettum 29.03. og 15.04.2010, að því er fram kemur í svari Umhverfisstofnunar, sjá fylgiskjal 2. Umsögn Umhverfisstofnunar er því í raun ekki um auglýsta tillögu.

Aðalskipulag Kaldrananeshrepps er í vinnslu. Í þeim drögum, sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir að námur B og C verði starfræktar áfram.

1.8 NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI

Framkvæmdasvæðið er ekki á Náttúruminjaskrá.

Sérstök vernd:

Leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999. Umræddur kafli Strandavegar liggur á um 2,0 km kafla um áreyrar, leirur, sjávarfitjar, fjörur og grunnsævi.

1.9 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Strandabyggðar. Verði ekki búið að staðfesta aðalskipulag af framkvæmdasvæðinu getur umhverfisráðherra veitt undanþágu frá 2. t.l. bráðabirgðaákvæðis laganna að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Stofnunin mælir með að þau sveitarfélög sem ekki hafa staðfest svæðisskipulag eða aðalskipulag fyrir allt sveitarfélagið, leiti eftir undanþágu ráðherra vegna þessa, svo koma megi í veg fyrir að hafna þurfi meðmælum skv. 3. tölulið þar sem ekki liggur fyrir skipulag. Einnig þarf endurnýjað framkvæmdaleyfi frá Kaldrananeshreppi vegna efnistöku í námum B og C.

Þar sem ekki er til staðfest aðalskipulag af Strandabyggð mun Vegagerðin mælast til að sveitarstjórn Strandabyggðar veiti leyfi fyrir vegaframkvæmdunum skv. 3. t.l. bráðabirgðaákvæða Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með breytingum sbr. lög. 170/2000 en þar segir: „Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggja staðfest aðal- eða svæðisskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Sveitarstjórn getur einnig án þess að fyrir liggja staðfest aðal- eða svæðisskipulag auglýst tillögu að deiliskipulagi að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.“⁴⁾

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

Heimild Fornleifaverndar ríkisins er nauðsynleg þurfi að raska fornminjum sbr. 14. gr Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Fá þarf heimild Fiskistofu vegna framkvæmda á árósum, grunnsævi og veiðisvæðum.

2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STADHÆTTIR

Þessi hluti Strandavegar og tilheyrandi vegir eru í Strandabyggð. Veglínan, lína merkt t643-110 á uppdráttum 3 og 4, liggur til norðurs frá Djúpvegi við ósa Staðará, yfir ósasvæðið og áreyrarnar og að mestu með sjó fyrir Grænanes og síðan upp bakkana á núverandi veg. Lengd nýs vegarkafla er um 2,8 km. Áreyrarnar milli stöðva 250 og 500 eru grónar, sama á við um síðustu 500 m kaflans. Gert er ráð fyrir að Staður og Stakkanes tengist nýjum vegi samkvæmt línunum t643-104 og t643-105 sjá uppdrátt 3. Grænanes verður tengt með núverandi vegi nærri stöð 2400, sjá línu t643-116 á uppdrætti 4.

2.2 NÚVERANDI VEGUR, NÚLLKOSTUR

Núverandi Strandavegur liggur yfir Staðará um 600 m innar í fjarðarbotninum og liggur fyrir innan og ofan Stakkaness og ofan Grænanes. Vegurinn er malarvegur, brattur og blindur og mjög snjóþungur, jafnvel á vestfirskan mælikvarða.

Veturinn 1995 mátti sjá 6-8 m þykkt snjóstál í efri kanti eftir mokstur í lok janúar. Þykkastur var snjórinn í brekkunum beggja vegna við Grænanes-hæðina.

Varðandi snjóþyngsli er rétt að rifja upp umfjöllun í skýrslunni: Drangnesvegur 645-01, Um Selströnd, frekara mat á umtalverðum umhverfisáhrifum, skýrsla frá í nóv. 1994. Þar segir um nokkra snjóastaði: „Í Fagurgalavík má búast við 6-7 m djúpum snjó í þungum vetri en 1-2 m snjódýpt í snjóléttum vetri. Sjá myndir nr. 7-9. Í Hólmakleif verður snjódýpt 2-5 m milli tvískiptu hæðanna. Aðstæður í Hólmakleif eru sýndar á myndum nr. 10 - 11. Í Heykleif kemur töluverður snjór. Skaflinn er 100-120 m langur og hefur mælst 11,5 m djúpur. Ekki kemur mikill snjór í Heykleifina í N og NV áttum en NA áttin er alversta áttin. Sjá myndir nr. 20 - 25. Í Úrsúluhleif er nokkur snjór, 0,5-2 m þykkur að innanverðu en 1,5-2 m þykkur snjóhryggur kemur við hornið að utanverðu. Aðstæður við Úrsúluhleif sjást á myndum nr. 26 og 27. Við Úrsúluána er 2-5 m snjódýpt á um 100 m kafla. Ofan Hellu, milli stöðva 6300 og 7200, eru fjórir staðir með allnokkrum snjó (0,5-4 m snjódýpt).“

Lausnin til að komast hjá þessum snjóastöðum fólst í að færa veginn frá klettunum og fram að eða fram á fjöruna. Það er mat Vegagerðarinnar að aðstæður á núverandi vegi frá Staðarvegi og út fyrir Grænanes séu mjög álíka og við að etja á gamla Drangnesveginum frá Strandavegi og allar götur út á Drangnes. Frá því að nýr Drangnesvegur var tekinn í notkun hefur sjaldnast þurft öflugra snjómoksturstæki en vörubíl til að opna veginn milli Hálgötu og Hellu. Hins vegar þarf oft að beita annað hvort veghefli eða snjóblásara, ef ekki báðum, til að opna veginn frá Staðarvegi að Geirmundarstaðavegi. Þetta veldur oft seinkun á opnun.

Það er því með nokkurri vissu um snjóléttan og greiðfæran veg að framlögð lausn er valin.

Hafa verður í huga að Drangnesingar verða að sækja ýmsa þjónustu til Hólmavíkur. Nefna má heilbrigðis-, póst og bankaþjónustu. Presturinn og sýslumaðurinn eru á Hólmavík. Töluverð brögð eru að því að Hólmvíkingar stundi atvinnu á Drangnesi og Drangnesingar á Hólmavík. Skólabörn á Drangnesi sækja félagsstarf á Hólmavík. Drangnesingar sækja og ýmsa verslun til Hólmavíkur þótt útibú Kaupfélags Steingrímsfjarðar sé á Drangnesi.

Núll-kosturinn, þ.e. malarvegur, heyrir vonandi sögunni til.

2.3 UMFERÐ

Umferð um Strandaveg milli Djúpvegar og Drangnesvegar var talin vera 117 ÁDU, 222 SDU og 54 VDU árið 2007.

ÁDU (árdagsumferð) er meðalumferð á dag yfir árið, SDU (sumardagsumferð) er meðalumferð á dag yfir sumarmánuðina (júní – september), og VDU (vetrardagsumferð) er meðalumferð á dag yfir vetrarmánuðina (desember-mars).

3 KOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 KOSTIR

Núllkostur

Núverandi vegur er brattur og blindur. Beygjan við vegamótin að Stað er alltof kröpp og vegamótin í brattri brekku. Á fylgiskjali 5, eru fyrst tvö blöð sem sýna langsníð núverandi vegar á tveimur stöðum. Dregnar hafa verið línur með 10 % langhalla við stöð 3700 og báðum megin við háhæðina ofan Grænanes, stöðvar 5000-5300. Bent skal á að vegamótin að Stað eru við stöð 3700, í brekkunni. Meðalhallinn í þessari brekku, milli 5 og 10 m hæðarlínanna, er 10 % sem er óviðunandi bratti. Langhallinn er 12 % milli 35 og 40 m hæðarlínanna innanvert á Grænaneshæðinni og litlu minni, þar sem hann er mestur, utanvert í henni.

Í fylgiskjalinu er einnig að finna útfærslu á hæðarlegu núllkostins. Lagfæringar við vegamótin að Stað felast í fyllingu og skeringu. Sú skering yrði snjóakista og leggja yrði nýja heimreið að Stakkanesi frá enda skeringarinnar við stöð 3920, í sneiðing yfir túnin og heim á hlað. Sú heimreið, í skjóli við og undir Strandaveginum yrði að jafnaði full af snjó. Þessu til viðbótar skal bent á langsníðið yfir hæðina við stöð 5150. Skeringin yrði dýpst um 5,2 m til að tryggja nauðsynlega stöðvunarsjónlengd. Auk þessa er vert benda á ekki er hægt að tryggja nægilega breidd öryggissvæða neðanvert við núverandi veg þar sem fláarnir mundu þá teygja sig langt fram á fjöruna en slíkt er óraunhæft. Nauðsynlegt yrði því að setja upp vegrið og með því yrði tryggt að vegurinn lokaðist við minnsta skafrenning.

Aftast í fylgiskjali 5 er að finna töflu er sýnir efnisþörf í mismunandi lausnir við endurgerð núverandi vegar.

Nýr vegur

Skóðaðir voru tveir aðrir kostir á legu Strandavegar af Djúpvegi að Geirmundarstaðavegi. Fyrri kosturinn, gul lína (t643-102) á uppdráttum 4 og 5, fylgir núverandi vegi en verstu agnúarnir eru skornir af en þá koma nýir í staðinn. Ef ný heimreið að Stakkanesi ætti að vera á álíka stað og núverandi heimreið yrði óhjákvæmilega um verulega skeringu að ræða ofan vegamótanna við Stað. Slík skering mundi öllu jafna fyllast af snjó jafnvel meðan snjólétt væri. Bent skal á að núverandi tenging að Stakkanesi er alltof brött (15 %).

Í annan stað mundi vegurinn nánast liggja yfir bæjarstæðin á Grænanesi en líklega ekki skerða neinar fornminjar en fara mjög nærri þeim, sjá uppdrátt 4. Innri tengingin að Grænanesi, stöð 5120, yrði góð en sú við stöð 5400 afleit. Langhalli vel yfir 30 %.

Seinni kosturinn, hvít lína (t643-106), fylgir einnig núverandi vegi að Stakkanesi, en fer þar niður í fjöru og fylgir blárri línu (t643-103) þaðan og fyrir Grænanes og aftur upp á bakkana. Báðum þessum kostum fylgdu nánast óbreyttar, þ.e.a.s. jafnslæmar, tengingar að Stað og Stakkanesi. Tengingar að Grænanesi yrðu álíka lausn og fylgir fyrirhugaðri línu. Bláa línan (t643-103) á uppdráttum 4 og 5 er í megin atriðum sú sama og t643-110 en það er sú lína sem hér er lögð til.

Heimreiðar

Heimreið að Stakkanesi:

Haraldur Guðmundsson á Stakkanesi fer þess á leit að heimreið að Stakkanesi komi hornrétt á nýjan veg í stöð 610 og komi upp á bakkann rétt sunnan við útihúsin. Vegagerðin getur vel fallist á þessa tilhögun fyrir sitt leyti enda breyttist þá heimreið að Stað, sjá hér neðar. Sjá veglínu t643-115 á uppdrætti 5.

Heimreið að Stað:

Í viðræðum við Harald á Stakkanesi og breytta legu heimreiðar þangað kom fram að Haraldur er ósáttur við að heimreið að Stað skeri Stakkanesjörðin nánast í tvennt. Hæstaréttardómur liggur fyrir um landamerki Hrófbergs að Hofsstöðum og Stakkanesi, sjá uppdrætti 2 og 5. Haraldur telur því eðlilegt að heimreið að Stað liggi því sem næst á landamerkjum Stakkaness og Hrófbergs. Vegagerðin hefur gert ráð fyrir að námuvegur verði lagður frá stöð um 320 og að námum D og E. Þann veg mætti leggja upp með ánni allt upp á núverandi veg rétt neðan landamerkja Staðar og Stakkaness. Vegagerðin getur vel fallist á þessa tilhögun fyrir sitt leyti. Sjá veglínu t643-114 á uppdrætti 5.

Vegagerðarinnar getur því og þó aðeins fallist á þessar tillögur að báðar nái fram að ganga. Við lögn nýrra vega er illt að hvika frá kröfum um fjarlægð milli tenginga. Vegur samkvæmt línu t643-114 gæti þannig orðið fyrirhleðsla eða varnargarður á nyrðri hlið farvegar Staðará. Hverfandi munur er á efnispörf í heimreiðarnar hvor kosturinn sem valinn yrði.

Þessar hugmyndir hafa ekki verið ræddar við fulltrúa sveitarfélagsins, eiganda Hrófbergs og hvorki við eiganda Staðar né ábúanda þar. Verði þessar breytingar taldar æskilegar þarf að breyta skipulagsstillögunni samsvarandi. Þess er vænst að Skipulagsstofnun horfi til beggja kosta við úrskurð um matsskyldu.

3.2 FRAMKVÆMDALÝSING

Vegur og heimreiðar

Framkvæmdakaflí Strandavegar liggur fyrir botn Steingrímsfjarðar. Hann hefst um 1250 m innan við heimreið að Hrófbergi og lýkur við Geirmundarstaðaveg. Framkvæmdakaflana má sjá á uppdráttum 2, 3 og 4. Vegurinn liggur á um 2,3 km kafla um áreyrar, leirur, sjávarfitjar, fjörur og grunnsævi. Um 0,4 km eru í núverandi vegstæði. Heimreiðar eru að mestu á brotnum túnnum og núverandi vegsvæðum.

Nýr Strandavegur verður lagður samkvæmt vegtegund C₈, sem er 8,0 m breiður vegur. Hann verður rétt um 1 km styttri en núverandi vegur. Hönnunarhraði verður ≥ 90 km/klst. Heimreiðar verða lagðar samkvæmt vegtegund D₄, 4 m breiður vegur með malarslitlagi.

Ný brú, tveggja akreina, verður smíðuð á Staðará. Brúin verður 36 m löng, í tveimur höfum. Á öðrum stöðum koma ræsi þar sem búast má yfirborðsvatni eða læki er að finna. Ennfremur verða sett ræsi þar sem skorið er á víkur eða voga til að tryggja vatnskipti í lónum eða tjörnum innan vegarins, sjá fylgiskjal 3.

Efnisþörf

Áætluð heildarefnisþörf í veginn er um 170 þús. m³. Heildarmagn skeringa er um 74 þús m³. Stefnt er að því að framkvæmdir við verkið hefjist 2011 og að verklok verði 2012. Frekari upplýsingar um efnisþörf og efnisútvegum má sjá í töflum 1 og 2 hér síðar.

Gert er ráð fyrir efnistöku á eyrum Staðarár (námur D og E), melum í Selárdal (náma A) og opnum bergnámum við Drangsneseveg milli Hálsstötu og Fagurgalavíkur (námur B og C) sjá upprátt 2 og kafla 3.2.

Efnisþörf:	Stranda- vegur t643-110 m ³	Staðar- vegur t643-104 m ³	Staðar- vegur t643-114 m ³	Stakkanes- vegur t643-105 m ³	Stakkanes- vegur t643-115 m ³	Grænanes- vegur t643-116 m ³
Yfirbygging og rofvörn						
Efra burðarlag og slitlag	5,910	191	283	44	38	70
Rofvörn	8,343	0	0	0	0	0
Neðra burðarlag	12,041	1,586	3,327	374	365	567
Samtals yfirb. og rofvörn	22,716	1,777	1,777	415	416	415
Efnisþörf: Undirbygging						
Undirbygging	109,050	13,715	14,672	4,045	2,542	278
Samtals efnisþörf nettó	131,766	15,492	16,449	4,460	2,958	693
Efnistap og yfirmagn 10 %	13,177	1,549	1,645	446	296	69
Heildarefnisþörf	144,943	17,041	18,094	4,906	3,254	762

Tafla 1: Efnisþörf

Efnisútvegum:	Stranda- vegur t643-110 m ³	Staðar- vegur t643-104 m ³	Staðar- vegur t643-114 m ³	Stakkanes- vegur t643-105 m ³	Stakkanes- vegur t643-115 m ³	Grænanes- vegur t643-116 m ³
Skeringar	71,480	2,660	6,260	3	101	3,317
Námur:						
Náma C: Vörðukleif	8,343	0	0	0	0	0
Náma B: Hálsstöta	5,910	191	283	44	38	70
Náma A: Selá	27,000	0	0	0	0	0
Námur D og E: Staðará	29,100	10,000	7,400	700	0	0
Úr núverandi vegum	3,150	4,200	4,200	4,200	3,200	0
Samtals úr námum	73,503	14,391	11,883	4,944	3,238	70
Samtals námur og skeringar	144,983	17,051	18,143	4,947	3,339	3,387

Tafla 2: Efnisútvegum

Til útskýringar skal tekið fram að umframskeringarefni úr Grænanesvegi yrði notað í Strandaveg. Efni úr núverandi Strandavegi milli Djúpvegar og nýs Staðarvegar er notað í gerð nýs Staðarvegar.

Af töflu 1 má ráða að hverfandi munur er á, hvað efnisþörf varðar, hver lega heimreiðaa að Stað og Stakkanesi yrði fyrir valinu.

Námur

Allar námur eru sýndar á uppdrætti 2, yfirlitsmynd. Þær eru allar opnar nema námur D og E. Ekki er gert ráð fyrir að loka námum B og C að þessari framkvæmd lokinni enda gert ráð fyrir efni úr þeim báðum við endurgerð vegar yfir Bjarnarfjarðarháls og viðhalds vega á svæðinu. Námurnar eru báðar skilgreindar sem framtíðarnámur í tillögu að aðalskipulagi Kaldrananeshrepps.

Við efnistöku úr vegskeringum verður öllum lífrænum jarðvegi, sem finnst á svæðinu, haldið til haga til að nota við frágang og uppgræðslu þegar efnistöku lýkur.

Náma A, Selárdalur, Strandabyggð

Náma A er í malarhjalla við hlið Geirmundarstaðavegar. Hún er rétt tæpan 1,5 km frá vegamótunum. Efni hefur verið tekið úr melnum um árabil. Efnið í námunni er fíngerð möl og er steinastærð á bilinu 0-100 mm og stærstu steinar um 3-400 mm, en fáséðir. Gert er ráð fyrir því að um samskonar efni sé að ræða á efnistökusvæðinu eins og það er afmarkað. Þykkt moldarblandaðrar malar í yfirborði er áætlað um 0,3 m. Miðað við ofangreinda efnisþykkt verður efni tekið á 1 ha svæði. Stærð námusvæðis í Selárdal er ekki skilgreind í tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar.

Efnið sem tekið verður úr námunni er ætlað í neðra burðarlag, fyllingar og fláafleyga. Vinnanleg stálhæð er 2,5-3,0 m. Skilyrt verður að fláar námunnar verði hvergi brattari en 1:3 og námubotn skuli halla svo vatn af honum falli að ánni en ekki myndist vatnsuppistaða. Moldarblönduðum jarðvegi verður jafnað yfir fláa og námubotn í verklok til að auðvelda uppgræðslu.

Náma B, Stekkjarkleif, Kaldrananeshreppi

Náma B er klapparhjalli við Drangnesveg, um 300 m utan við vegamótin við Drangnesveg (645) sjá uppdrátt 2. Gert skal ráð fyrir að vinnanlegt stál sé a.m.k. 5 m þykkt. Efnið úr námunni verður malað í slitlag og burðarlög. Raska þarf um 0,13 ha svæði vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Vegagerðin hefur komið ábendingum til skipulagsarkitekts og sveitarstjóra um ætlaða efnisþörf stofnunarinnar úr þessari námu næstu 20 árin.

Náma C, Vörðukleif, Kaldrananeshreppi

Náma C er fast við Drangnesveg, um 500 utar en náma B. Efnistakan felst í breikkun núverandi bergskeringar. Bergið verður sprengt með hliðsjón af nýtingu þess í rofvarnir, efra burðarlag og slitlag. Miðað er við, samkvæmt fyrri reynslu, að vinnanlegt stál sé a.m.k. 6 m þykkt. Raska þarf um 0,14 ha svæði vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Vegagerðin hefur komið ábendingum til skipulagsarkitekts og sveitarstjóra um ætlaða efnisþörf stofnunarinnar úr þessari námu næstu 20 árin.

Námur D og E, Staðará

Efnið er mól úr áreyrum Staðarár. Fyrirhugað er að taka úr eyrunum beggja vegna núverandi brúar. Staðará er vatnsmikil fram í miðjan júní í venjulegu ári. Gert er ráð fyrir að nýtanleg stálhæð sé um 1 m. Stærstu steinar eru um 200 mm í þvermál. Staðará er veiðía og er veiðitímabilið yfirleitt frá 11. júlí til 20. september. Miðað við ofangreinda efnisþykkt verður efni tekið á 4 ha svæði. Stærð námusvæða í Staðará eru ekki skilgreind í tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar. Stjórn Veiðifélags Staðarár hefur hefur lýst andstöðu við efnitökuna og framkvæmdirnar í heild, sjá fylgiskjal 6.

Staðará: Fyrirhleðslur eða varnargarðar

Búið er að mynda fyrirhleðslur svo Staðará renni ekki inn á tún á Stakkanesi, bæði ofan og neðan núverandi vegar/brúar. Á mynd 2 má sjá tvo garða ofan brúar, framhjól bílsins er á garðinum fast við veginn en ofar má sjá fyrirhleðslu svo vatn flæði ekki inn á túnið.



Mynd 2

Á mynd 3 má sjá fyrirhleðslu norðan árinna, sem ver túnið, neðan núverandi vegar, gegn flóðum í ánni. Álíka fyrirhleðslur þyrfti til að halda ánni í skefjum að sunnanverðu, sjá mynd 3. Á myndinni sést greinilega að áin er að rjúfa syðri bakkann á töluvert löngum kafla.

Fyrirhleðslurnar eða garðarnir norðan árinna, þeir sem verja túnin á Stakkanesi, yrðu hluti eða felldir inn í heimreið að Stað yrði sú heimreið lögð samkvæmt línu t643-114. Á uppdrætti 5 er einnig sýnd hugsanleg fyrirhleðsla sunnan Staðarár frá fyrirhuguðum vegi upp að núverandi vegi. Efnisþörf í fyrirhleðsluna yrði um 1400 m³.



Mynd 3

3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegfláa, fyllinga og skeringa. Röskuð svæði verða sléttuð og felld að landslaginu umhverfis. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að gengið verði frá vegskeringum og vegsvæðum jöfnum höndum og verkið vinnst. Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að vindrof verði í lágmarki. Námur og skeringar verða sléttaðar og felldar að landslagi og halla þess umhverfis.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegog skeringarfláa að grónu landi. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Ekki er gert ráð fyrir að jafna út og græða upp núverandi veg eða vegsvæði milli Stakkaness og Grænaness. Aðrir aflagðir vegir verða jafnaðir út og svæðin grædd upp nema landeigendur óski þess að hafa þessa vegi áfram til eigin nota. Reynt verður að nýta efni úr þeim vegum, sem verða jafnaðir út, til nýs vegar og heimreiða eins og kostur er.

Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun.

3.4 FRAMKVÆMDATÍMI

Framkvæmdin er í frumvarpi að samgönguáætlun 2010-2014. Áformað er að framkvæmdir hefjist 2011 og þeim ljúki í 2012. Framkvæmdin er lokaáfanginn í lögn bundins slitlags milli Hólmavíkur og Drangsness og þá um leið milli Drangsness og höfuðborgarsvæðisins.

3.5 VINNUBÚÐIR

Setji verktaki upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, landeigendur og Vegagerðina. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.6 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þeir þættir sem almennt eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum við vegaf framkvæmdir:

Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar eru háð landslagsgerð og hversu vel tekst til við hönnun og framkvæmd. Þegar endurbyggður er gamall vegur kunna umhverfisáhrif framkvæmdarinnar að verða minni en þegar um nýbyggingu er að ræða. Helstu áhrif þessarar framkvæmdar eru samfélagsleg og felast í áhrifum af bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Framkvæmdir við ár geta haft áhrif á lífríki og veiði. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir hafa sjónræn áhrif og geta markað ný spor í landslagið.

Á framkvæmdartíma veldur umferð vinnuvéla auknum hávaða, aukinni útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Tilgangurinn með nýjum vegum er að bæta samgöngur þ.e. að auka greiðfærni og umferðaröryggi. Bættar samgöngur hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á viðkomandi svæði, ferðapjónustu og útivist og opinbera þjónustu. Gera má ráð fyrir að fyrirhuguð veglagning hafi áhrif á hagræna þætti. Sökum styttingar og mun betri legu er hún arðsöm. Arðsemi vegagerðar er að jafnaði mest þar sem næst að stytta vegalengdir. Með styttingu dregur úr reksturskostnaði umferðarinnar og veghaldara. Með styttingu vegalengda dregur úr heildarakstri og um leið fækkar umferðaróhöppum að óbreyttri slysatíðni. Styttingu vegalengda og betri vegferli fylgir minni eldneytiseyðsla og um leið dregur úr útblæstri og annarri mengun sem umferð fylgir.

Gert er ráð fyrir vegriði sjávarmegin frá Strandavegi að stöð 2500.

Reynt hefur verið að fella nýja veginn að landslaginu eins og kostur er. Strandlínan um og beggja vegna Grænanes er mjög vogskorinn. Ekki er mögulegt sé að fella veginn að ströndinni og uppfylla um samtímis kröfur um umferðaröryggi. Því verða til lítil lón milli vegar og strandar. Æskileg fjarlægð vegar frá húsum að Stakkanesi skiptir hér og máli.

Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð landslagi, efnisþörf framkvæmdarinnar og frágangi að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnisþörfin ráðast af legu og staðsetningu vegarins.

Til vegagerðar þarf efni í slitlag, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi. Öll efnistaka miðast þó við þekktar námur, flestar opnar, og vegskeringar.

4.2 UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Í 5. kafla þessarar samantektar er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á mannlíf, landslag, jarðmyndanir, vatn, fornminjar, gróður, fuglalíf og lífríki fjörunnar.

Það er mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 MANNLÍF OG ÚTIVIST

Búskapur er á Stað og Stakkanesi. Á Grænanesi eru tvö sumarhús. Eitt sumarhús er í landi Stakkaness. -Um aðra byggð er ekki að ræða á framkvæmdasvæðinu.

Áhrif á mannlíf og útivist:

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið ekki raskast. Vegfarendur um Strandaveg munu verða eitthvað varir við framkvæmdina án þess að hún valdi þeim töfum.

Ryk og hávaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma. Það mundi aðallega eiga við Stakkanes og Grænanes og veiðimenn í Staðará neðan núverandi brúar. Hafa verður þó í huga að núverandi umferð á Djúpvegi og Strandavegi veldur einhverri hljóðmengun á svæðinu. Að framkvæmdum loknum verður ónæði og mengun mun minni af umferðinni en er í dag. Styttri og mýkri veglína með jafnari hæðarlegu ræður hér mestu um.

5.2 JARÐMYNDANIR OG VATN

Vegurinn liggur yfir ósa Staðarár og um áreyrar hennar og grunnsævi í botni Steingrímsfjarðar. Leirur teljast til jarðmyndana og vistkerfa sem ber að vernda skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Ný brú, tveggja akreina, verður smíðuð á Staðará. Brúin verður 36 m löng, í tveimur höfum. Miðja brúar verður í stöð 220. Tryggt verða vatnsskipti í öllum tjörnum, sem myndast milli vega og strandar. Sjá fylgiskjal 3.



Mynd 4: Hér sér yfir tvo voga, sem vegurinn fer yfir milli stöðva 660 og 1020 annars vegar og hins vegar 1360 og 1660

Veiðifélag Staðarár heldur skrár um veiði í ánni og veiðin samkvæmt þeim, árin 2005-2009 er sýnd í töflu 3.

Ár	Lax	Bleikja	Samtals
2005	96	117	212
2006	100	34	134
2007	46	44	90
2008	109	234	343
2009	121	72	193

Tafla 3: Yfirlit um veiði í Staðará

Stofn rykmýs- og bitmýslirfa var rannsakaður á nokkrum stöðum í Staðará, Dynjandisá og Vatnsdalsá árið 1998 og var það hluti af meistaraþrófsverkefni við Háskóla Íslands. Þéttleiki þessara hópa var mestur á nokkrum stöðum í Dynjandisá og Vatnsdalsá. Tegundasamsetning í Staðará og ofarlega í Vatnsdalsá var svipuð [7].

Áhrif á jarðmyndanir og vatn:

Framkvæmdin mun hafa hverfandi áhrif á jarðmyndanir. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu. Leitað verður áhlits Fiskistofu á áhrifum framkvæmdanna á veiði í Staðará og Steingrímsfjarðarbotni. Votlendi á Selárodna verður ekki raskað.

5.3 LANDSLAG

Vegurinn liggur að mestu um ógróið land. Nokkrar skeringar eru í bakkana innan við Grænanes og síðan milli stöðva 2100 að enda kaflans. Öll vegagerð á láglandi felst í fyllingum úr aðfluttu efni.

Áhrif á landslag:

Vegurinn mun liggja um svæði sem er að mestu leyti óraskað. Vegurinn mun breyta ásýnd landsins en vart umtalsvert. Hér skal staðhæft að endurbygging núverandi vegar mundi breyta ásýnd landsins mun meira, því henni fylgdu háar fyllingar og djúpar og breiðar skeringar, sjá fylgiskjal 5. Gengið verður frá vegsvæði og efnistökusvæðum svo þau falli vel að landi. Reiknað er með að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu minnka nokkuð fljótt. Á 1,8 km kafla, milli stöðva 500 og 2300, verða vegfláar, sjávarmegin, rofvarðir og því ekki græddir upp.

5.4 FORNMINJAR

Ljóst er að framkvæmdin snertir fornminjar vinstra megin vegar á þremur stöðum, sjá [5]. (Í vegagerð er alþjóðleg hefð fyrir að tala um vinstri og hægri og þá jafnan horft í vaxandi stefnu eða til hækkandi stöðvar).

Fornleif Grænanes ÍS-141870-66:012. Hlaðinn grjótgarður.

Vegurinn fer yfir hann á móts við stöðvar 1630 - 1670.

Fornleif Grænanes ÍS-141870-66:006. Rétt eða nátthagi.

Lendir innan skeringar nærri stöð 2240.

Fornleif Grænanes ÍS-141870-66:007. Rétt.

Lendir innan skeringar nærri stöð 2330.

Minjaverði Vestfjarða hefur verið gerð grein fyrir hugsanlegri röskun ofangreindra minja. Álit hans liggur fyrir, sjá fylgiskjal 1. Þar segir m.a.:

„Líklegt er að þessar minjar séu allar frá 19. eða 20. öld en óvíst er hvort að eldri minjar eða byggingastig séu undir þeim.

Fornleifarvernd ríkisins fer fram á að allar áðurtaldir minjar verði mældar upp og ljósmyndaðar og síðan verði grafnir sitt hvor könnunarskurðurinn í fornleifar 006 og 007 til að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir. Að því loknu verði erindið sent aftur til Fornleifaverndar ríkisins sem úrskurðar þá hvort raska megi rústunum eða að frekari rannsókn sé þörf.”

Af bréfi Minjavarðar Vestfjarða má ráða að hverfandi líkur séu á að meintar fornleifar hafi áhrif á framkvæmdir. Lítil ástæða er því til þess að ráðast í gerð þessara könnunarskurða fyrr enn ljóst er hvort heimilað verði að leggja veginn skv. framlagðri tillögu. Skurðgreftinum og aðkomu að fornleifunum fylgir töluvert rask sem æskilegt er að komast hjá verði ekki að lagningu vegarins skv. tillögunni.

Áhrif á fornminjar:

Talið er að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á fornleifar á svæðinu aðrar en þær sem þegar hefur verið getið. Komi áður óþekktar fornleifar í ljós í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Vestfjarða um aðgerðir. Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis.

5.5 GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Gróðurfar


Framkvæmdasvæðið í botni Steingrímsfjarðar er að mestu áreyrar eða grunnsævi. Óverulegur gróður er á framkvæmdasvæðinu. Á svæðinu eru sjávarfitjar sem teljast til vistkerfa sem ber að vernda skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða: Gróður í Steingrímsfjarðarbotni [3] segir m.a.: „Rannsóknarsvæðið einkennist af þurrlendisgróðri. Í botni Steingrímsfjarðar eru sjávarfitjar næst sjónum, með sjávarfitjungi og skriðlíngresi, en ofar er graslendi með smárunnum aðallega krækilyngi. Nokkur ræktun er í kringum bæinn Stakkanes sem stendur við norðanverðan fjarðarbotninn. Þar eru tún á flatlendi beggja vegna núverandi vegar og einnig í hlíðinni norðan við bæjarstæðið, sjá mynd 5.

Út með firðinum að norðanverðu er nokkuð brött hlíð að mestu grasi vaxin með smárunnum, krækilyngi, bláberjalyngi og fjalldrapa en einnig eru fjalldrapamóar á milli. Gamalt tún er í kringum eyðibýlið Grænanes. Nokkuð votlendi er þegar kemur út undir Selárodna. Þar er hengistarmýri en gulstör í tjörnum. Við afleggjara heim að bænum Geirmundarstöðum eru melar sem eru að hluta til gömul náma.“ Sjá mynd 6.

Votlendið á Selárodna, sem fjallað er um hér að ofna, skerðist ekki.



Mynd 5: Gróðurflokkun í Steingrímsfjarðarbotni.



Mynd 6: Gróðurflokkun við Grænanes

Í töflu 4 og mynd 5 má sjá hve mikið raskast af hverri vistgerð vegna lagningu Strandavegar í botni Steingrímsfjarðar. Miðað er við 30 m áhrifasvæði.

<i>Flokkun</i>	<i>Skýring</i>	<i>ha</i>
H1	Grös	1,5
H3	Grös með smárunnum	3,0
R4	Tún aflögð	0,3
ey	Þurrar áreyrar	0,2
fj	Fjara	0,5
ut	Útfiri	1,1
leira	Skeraleira/leira	2,0
Samtals		8,6

Tafla 4: Stærð raskaðs svæðis vegna Strandavegar

Við lagningu heimreiðar að Stað og Stakkness koma tveir kostir til greina og má sjá þá á mynd 7 og uppdráttum 3 og 5. Í töflu 4 eru þessir kostir bornir saman með tilliti til röskunar á vistgerðum og er notuð 30 m áhrifasvæði til viðmiðunar sem er hámarks skerðing.



Mynd 7: Fyrirhuguð veglína við Stakknes í botni Steingrímsfjarðar.

Gróðurflokkun: C1 = fjalldrapi - bláberjalýng - krækilyng, H1 = grös, H3 = grös með smárunnum, R2 = tún í góðri rækt, R4 = tún aflögð, R5 = uppgræðslusvæði, áreyrar = þurrar áreyrar, fj = fjara, me = melar, ut = útfiri, leira = leira/skeraleira.

<i>Flokkun</i>	Heimreið að Stað og Stakkanesi skv. uppdrætti 3 ha	Heimreið að Stað meðfram Staðará skv. uppdrætti 5 ha	Heimreið að Stakkanesi skv. uppdrætti 5 ha
H1	0.17	1.30	0.06
H1 (fitjar)	0.12	0.06	0.12
H3	0.24	1.08	
R2	0.86	0.39	
Áreyrar		0.32	
Leirur		0.12	0.12
Samtals	1.39	3.27	0.12

Tafla 5: Skerðing á vistgerðum vegna heimreiða (30 m áhrifasvæði)

Áhrif á gróður:

Engar plöntur á valista né sjaldgæfar eða sérstakar plöntur hafa fundist á framkvæmdasvæðinu. Það er mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á gróðurfur í Steingrímsfjarðarbotni.

Fuglar

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða: Fuglar í Steingrímsfjarðarbotni [4] segir m.a. um framlagða veglínu: „Sú síðari mun aðallega hafa áhrif á æðar- og kríuvarpið þar sem vegurinn mun liggja í gegnum vörpin. Áhrifin verða líklega tímabundin og fjöldi hreiðra ætti að verða svipaður fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur. Töluverðar sveiflur geta verið í kríuvarpinu og óvíst að framkvæmdir munu hafa nokkur áhrif nema þá tímabundin t.d. ef vegurinn yrði lagður á varptímanum.“

Fjórar tegundir, sem eru á valista (Náttúrufræðistofnun 2000), sást á rannsóknarsvæðinu eða nálægt því. Ein af þeim tegundum sem verpur við fyrirhugaða veglínu er grágæs. Vegagerð mun ekki hafa áhrif á varp grágæsa í botni fjarðarins enda verpur hún oft innan athafna manna eins og inni í æðarvarpi, við vegi, flugvelli o.s.frv.

Straumönd, gulönd og svartbakur eru á valista og sást á svæðinu. Ólíklegt er að vegagerð fari nálægt hugsanlegum varpstöðum þeirra. Varpstaðir gulandar og straumandar eru líklega upp með Staðaránni.“

Áhrif á fugla:

Krían er að koma að megninu til í fyrstu eða aðra vikuna í maí til landsins og þá er æðarfuglinn byrjaður að setjast upp í vörpin á Vestfjörðum. Báðar þessar tegundir láta framkvæmdir ekki trufla sig nema þær raski varpstöðum og/eða séu umfangsmiklar í byrjun varptímans. Vegagerðin mun ekki vera með rask á varpstöðum kríu og æðarfugls frá byrjun maí til lok júlí.

Það er mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf í Steingrímsfjarðarbotni.

5.6 LÍFRÍKI FJÖRUNNAR

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða [6] segir: „Nýlagning vegar mun fara fram norður hluta leirunnar og svo uppi á grasbökkum/sjávarfitjum. Veglagningin mun liggja á mörkum tveggja búsvæða sem eru sjávarbakkar með grasi og fitjum annars vegar og leirunnar hinsvegar. Þessi mörk munu að hluta til hverfa undir veg en aðallega mun vegurinn vera í öðru hvoru búsvæðinu. Efsti hluti leirunnar er einsleitur og líflítill með tilliti til smádýralífs.“

Fjörur í Steingrímsfirði og nágrenni eru lítt kannaðar svo sem á við um stóran hluta af strandlengju landsins. Þar með er ekki vitað hversu stór hluti af leirum í Steingrímsfirði, Strandasýslu eða Húnaflóa, skerðist við lagningu vegar í Steingrímsfjarðarbotni. Skerðingin er þó lítil (um 2 ha, sjá töflu 3 og 4) miðað heildarflatarmál leirunnar í botni Steingrímsfjarðar sem er nálægt 50 ha á stórstraumsfjöru.

Uppbygging vegar í Strandasýslu norðanverðri er ólokið yfir Bjarnarfjarðarháls, fyrir Kaldbakshorn og úr Veidileysufirði norður að Kjörvogi. Í sýslunni sunnanverðri þarf að endurbyggja nokkra kafla milli Hólmavíkur að Hringvegi (1) í Hrutafjarðarbotni. Af loftmyndum að dæma eru ekki leirur að svo neinu nemi nálægt þessum vegaköflum nema í botni Bjarnarfjarðar. Uppbygging Strandavegar um botn Bjarnarfjarðar er nú til athugunar og hvorki er gert ráð fyrir um leirur eða grunnsævi.

Áhrif á lífríki fjörunnar:

Það er mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á lífríki fjörunnar í Steingrímsfjarðarbotni. Sjá ennfrems fylgiskjal 2. Samkvæmt töflum 4 og 5 skerðast leirur um 4,8-5,3 % háð því hver lega heimreiða verður.



Mynd 5: Fjaran við stöð 1700

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

Vegagerðin mun kappkosta að röskun á landi verði í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegsvæðið sjálft. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið, námuvegi og námur. M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.

Gróður mun að einhverju leyti skerðast. Röskuð svæði meðfram vegi verða grædd upp sé gróður í grennd þeirra.

Í útboðsgögnum verður þess krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.

Vegtengingar verða lagaðar að nýrri legu vegarins. Leitast verður við að raska búskap sem minnst. Landeigendum verður greitt fyrir land sem fer undir nýjan veg og efnistöku úr námum. Samráð verður haft við landeigendur um svæði sem raskast kunna utan vegsvæðis og viðeigandi bætur fyrir það.

Girt verður að nýju, ef hrófla þarf við girðingum meðfram veginum.

Ef fornleifar reynast vera á eða í nágrenni vegsvæðisins verður haft samráð við Fornleifavernd ríkisins, Minjavörð Vestfjarða. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við Minjavörðinn um aðgerðir.

Tekið verður fullt tillit til kríu- og æðarvarps á framkvæmdatíma. Engar framkvæmdir verða í farvegi Staðarár á göngu- eða veiðitíma nema með samþykki landeigenda og veiðifélagsins.

Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að fella mannvirkið að landslaginu svo það verði sem minnst áberandi.

7 NIÐURSTAÐA

Fyrirhugað er að leggja nýjan kafla Strandavegar af Djúpvegi yfir eyrar Staðarár í botni Steingrímsfjarðar, um grunnsævi og fjörur neðan Grænaness og á núverandi veg sunnan Geirmundarstaðavegar.

Vegurinn mun, að mestu, liggja um óraskað land.

Talið er að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg. Minniháttar skerðing verður á gróðurlendi.

Í útboðsgögnum verður tekið fram að engin umferð vinnuvéla sé heimil utan framkvæmdasvæðisins en það afmarkast af skeringarbrúnum og/eða fláafótum.

Röskuð svæði verða jöfnuð, grædd upp og reynt að fella mannvirkið að landslaginu svo það verði sem minnst áberandi.

Vegagerðin telur að þessi vegaframkvæmd og efnistaka henni samfara muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Niðurstaða samanburðar í drögum að umhverfisskýrslu Strandabyggðar, sbr.kafla 4.4.3 í [8], er: „Með stefnumörkun í aðalskipulagi Strandabyggðar 2010-2022 í samgöngumálum er m.a. verið að stuðla að bættu umferðaröryggi. Jákvæð áhrif valkosta sem til greina komu eru á samfélag vegna styttri vegalengda, bættra samgangna og aukins umferðaröryggis. Með nýjum samgöngumannvirkjum er líklegt að röskun verði á gróðri, dýralífi, ásýnd landslags, loftgæðum og aukinni jarðefnanotkun en eru þó ekki talin vera veruleg. Núllkostur er ekki í samræmi við stefnumið sveitarfélagsins.“

8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknastofnun, Landsvirkjun, Iðnaðar-
ráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin,
Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitar-
félaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóra-
embættið, Siglingastofnun og Landgræðsla
ríkisins.
2. Náttúruminjaskrá, Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is
3. Náttúrustofa Vestfjarða, 2009: Gróður í Steingrímsfjarðarbotni
4. Náttúrustofa Vestfjarða, 2009: Fuglar í Steingrímsfjarðarbotni
5. Náttúrustofa Vestfjarða, 2009: Fornleifakönnun vegna vegalagningar í Stein-
grímsfirði
6. Náttúrustofa Vestfjarða, 2009: Athugun á leiru við Stakkanes í botni Stein-
grímsfjarðar
7. Stefán Már Stefánsson: Mýsamfélög og lífsferlar rykmýs í dragám á
Íslandi. 45 eininga MS ritgerð við Háskóla
Íslands

Skýrslur Náttúrustofu Vestfjarða, heimildir 3-6, má finna á heimasíðu
Náttúrustofunnar: <http://nave.is/steingrimsfj.botn.htm>

8. Strandabyggð: Aðalskipulag 2010-2022 Greinargerð
9. Strandabyggð: Aðalskipulag 2010-2022 Forsendur
10. Strandabyggð: Aðalskipulag 2010-2022 Sveitarfélagsuppráttur

Heimildir 8-9, má finna á heimasíðu Strandabyggðar:
http://www.strandabyggd.is/adalskipulag/skrar_og_skjol/

9 UPPDRÆTTIR

- | | | |
|-----------------|----------------|-------------|
| 1. Yfirlitsmynd | Mkv. 1:75.000, | blað 1 af 6 |
| 2. Yfirlitmynd | Mkv. 1:20.000, | blað 2 af 6 |
| 3. Nýir vegir | Mkv. 1:4000, | blað 3 af 6 |
| 4. Nýir vegir | Mkv. 1:4000, | blað 4 af 6 |
| 5. Aðrir kostir | Mkv. 1:4000, | blað 5 af 6 |
| 6. Aðrir kostir | Mkv. 1:4000, | blað 5 af 6 |

10 FYLGISKJÖL

1. Bréf minjavarðar Vestfjarða
2. Umsögn Umhverfisstofnunar og athugasemdir Vegagerðarinnar við hana
3. Vatnaskipti í tjörnum, ræsi
4. Bréf og tölvupóstur hluta eigenda Grænaness
5. Langsnið af tveimur köflum núverandi vegar ásamt hugsanlegri hæðarlegu og
umfjöllun um efnispörf í slíkar lausnir
6. Tölvupóstur frá stjórn Veiðifélags Staðarár

Fylgiskjöl 1-6



Fornleifavernd Ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími 555 6630, Bréfsími 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
ragnar@fornleifavernd.is

Reykjavík 26. maí 2010
Tilvísun: Fvr 2010050023/RE

Vegagerðin á Ísafirði
Dagverðadal
400 Ísafjörður

Efni: Vegagerð í Steingrímsfirði

Kristján Kristjánsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði óskar umsagnar Fornleifaverndar ríkisins um fornleifar við fyrirhugað vegstæði í botni Steingrímsfjarðar. Með bréfinu fylgdu, kort af tilvonandi vegstæði og skráningarskýrsla fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða. Samkvæmt skráningunni eru það 3 minjar sem eru í hættu vegna vegaframkvæmda, ÍS-141870-66:006 (rétt/nátthagi), ÍS-141870-66:007 (rétt) og ÍS-141870-66:012 (garðlag). Minjar 006 og 007 fara að óbreyttu undir vegstæðið en raska þarf aðeins hluta 012. Líklegt er að þessar minjar séu allar frá 19. eða 20. öld en óvíst er hvort að eldri minjar eða byggingastig séu undir þeim.

Fornleifarvernd ríkisins fer fram á að allar minjarnar séu mældar upp og ljósmyndaðar og síðan verði grafnir sitthvor könnunarskurðurinn í 006 og 007 til að ganga úr skugga um að ekki leynist eldri minjar þar undir. Að því loknu verði erindið sent aftur til fornleifaverndar ríkisins sem úrskurðar þá hvort raska megi rústunum eða að frekari rannsókn sé þörf.

Virðingarfyllt

Dr. Ragnar Edvardsson
Minjavörður Vestfjarða
sími: 8937636

Umhverfisstofnun | Sudurlandsbraut 24 | Tel: +354 591-2000 | www.umhverfisstofnun.is
Environment Agency of Iceland | IS - 108 Reykjavík | Fax: +354 591-2020 | ust@umhverfisstofnun.is

Landmótun ehf
Yngvi Þór Loftsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
27 JULI 2010
10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. júlí 2010
Tilvísun: UST20100300185/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Strandabyggðar 2010 - 2022

Vísað er til erindis Landmótunar er barst 29. mars sl. og 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir og tekur undir eftirfarandi atriði:

Íbúðabyggð

Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu mats um að uppbygging nýrra íbúðasvæða í Brandsskjóli hafi minni umhverfisáhrif en ný byggð á svæði norðan Skeiða.

Vernd og náttúruvá

Umhverfisstofnun tekur undir áform um hverfisverndun sem fram kemur í umhverfismati tillögunnar.

Sorpförgun

Í niðurstöðu samanburðar sorpförgunarkosta kemur fram að stefna sveitarfélagsins sé að framkvæmdir Skeljavík falli vel að landslagi og raski ekki votlendi. Síðan er farið yfir tillögur að mótvægisáðgerðum til að draga úr hættu á röskun á heildarásynnd lands í Skeljavík og neikvæðum áhrifum þess á umhverfið og er tillaga um að: „*Stuðla að endurheimt votlendis annars staðar í sveitarfélaginu í stað þess sem raskast við framkvæmd.*“ Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma betur fram hvar votlendi geti raskast vegna sorpförgunar og í grófum dráttum hvar möguleikar eru á endurheimt votlendis ef þörf krefur.

Stefna aðalskipulags um samgöngur

Í aðalskipulagstillögunni er lögð til færsla vegstæðis af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að Geirmundarstaðavegi í mynni Selárdals. Rökin fyrir færslunni eru að vegurinn sem er malarvegur, þyki brattur, blindur og snjóþungur. Tillaga um nýtt vegastæði felst í því að vegurinn verði fluttur á ósa Staðarár og liggi síðan nálægt sjónum að afleggjara til Geimundsstaða. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki æskilegt að vegurinn fari yfir ósa Staðarár. Í Staðará er lax- og silungsveiði. Samkvæmt Ramsar samningnum sem Ísland er aðili að er votlendi skilgreint sem mýrar, fen, flóar og ferskvötn en einnig sjór við fjöru þar

sem hann er innan við sex metra djúpur og sjávarfítjar og fellur ós Staðarár undir fyrrgreinda skilgreiningu. Ljóst er að röskun verður á árósi Staðarár ef af framkvæmdinni verður. Að mati Umhverfisstofnunar er sú tilhneiging að fara með vegi því sem næst ofaní fjöru ekki æskileg þróun. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu umhverfisáhrif vegna færslu Strandavegar meir en óverulegar enda felur áætlunin í sér að þvera ósa Staðarár. Umhverfisstofnun bendir á að eitt af leiðum í skipulagstillögunni til að ná markmiðum varðandi náttúruverndarsvæði er eftirfarandi: „Að því skal stefnt að friða árbakka, strendur vatna og sjávar svo sem fram kemur í lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingamál.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða hvort stefna um færslu Strandavegar samrýmist ofangreindu markmiði.

Efnistökusvæði

Alls er gert ráð fyrir efnistöku á 38 svæðum á skipulagstímabilinu. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ef að efnistökusvæði eru frágengin og ekki er áætluð efnistaka á svæðinu á skipulagstímabili aðalskipulagstillögunnar þá á svæðið ekki að vera á lista yfir efnistökusvæði. Stofnunin telur að fram þurfi að koma nánari upplýsingar um magn efnis sem áætlað er að taka á hverjum stað á skipulagstímabilinu. Einnig þyrfti að koma fram ef til stendur að ganga frá efnistökusvæðum á skipulagstímanum.

Landgræðsla og skógrækt

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um landgræðslu og skógrækt, en þar sem hálent er í sveitarfélaginu vill stofnun bæta því við að samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

Virðingarfyllt

Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Strandabyggð

Skipulagsstofnun

Landmótun óskaði, með bréfum dagsettum 29. mars 2010 og 15. apríl 2010 eftir umsögn Umhverfisstofnunar (UST) um tillögu að aðalskipulagi Strandabyggðar. Umsögn Umhverfisstofnunar er dagsett 27. júlí 2010 en skipulagstillagan var auglýst til almennra athugasemda 15.06.2010 með athugasemdafresti til 28.07.2010. Umsögn Umhverfisstofnunar er til Landmótunar og hefði átt að koma til umfjöllunar og afgreiðslu við Skipulagstillögunu áður en hún var auglýst.

Í umsögn UST segir meðal annars:

„Stefna aðalskipulags um samgöngur:

Í aðalskipulagstillögunni er lögð til færsla vegstæðis af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar að Geirmundarstaðavegi í mynna Selárdals. Rökin fyrir færslu vegarins eru að vegurinn sem er malarvegur, þyki brattur, blindur og snjóþungur. Tillaga um nýtt vegstæði felst í því að vegurinn verði fluttur á ósa Staðará og liggja síðan með sjónum að afleggjara til Geirmundarstaða. Að mati umhverfisstofnunar er ekki æskilegt að vegurinn fari yfir ósa Staðará. Í Staðará er lax- og silungsveiði. Samkvæmt Ramsar samningnum sem Ísland er aðili að er votlendi skilgreint sem mýrar, fen flóar og ferskvötn en einnig sjór við fjöru þar sem hann er innan við sex metra djúpur og sjávarfitjar og fellur ós Staðará undir fyrrgreinda skilgreiningu. Ljóst er að röskun verður á árósi Staðará ef af framkvæmdinni verður. Að mati Umhverfisstofnunar er sú tilhneiging að fara með vegi því sem næst ofan í fjöru ekki æskileg þróun. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu umhverfisáhrif vegna færslu Strandavegar meir en óverulegar enda felur áætlunin í sér að þvera ósa Staðará. Umhverfisstofnun bendir á að eitt af leiðum í skipulagstillögunni til að ná markmiðum varðandi náttúruverndarsvæði er eftirfarandi: „Að því skal stefnt að friða árbakka, strændur vatna og sjávar svo sem fram kemur í lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingarmál.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða hvort stefna um færslu Strandavegar samrýmist ofangreindu markmiði.“

UST lætur í veðri vaka að tilhneiging liggja að baki því að færa veginn ofan úr hlíðinni og niður á flatlendið. Þessu er í raun þveröfugt farið. Hefði fundist viðunandi lausn, sem ekki hefði legið um ósa-, leiru- eða grunnsævið, hefði hún að orðið fyrir valinu enda vegagerð samkvæmt þeirri lausn, sem Aðalskipulagið gerir ráð fyrir, mun dýrari en vegagerð á þurru landi. Helstu rök fyrir nýju vegstæði eru:

- Núverandi vegur klýfur jörðina Stakkanes í tvennt og til að koma fyrir viðunandi vegferli ofan Grænaness verður frístundabyggð þar útilokuð sökum nálægðar mögulegra bygginga við veginn.
- Núverandi vegur liggur einungis í 60 m fjarlægð frá húshlið að Stakkanesi og hávaði af umferð því langt yfir viðmiðunarmörkum. Úr því verður ekki bætt með hljóðmönnum. Því veldur annars vegar hæðarmunur húss og vegar og hins vegar nokkuð ljós snjóavandamál, sem hljóðmön mundi hafa í för með sér.
- Engar vísbendingar eru til um það að brýr á ósum komi í veg fyrir fiskgengd og áhrif, a.m.k. langtímaáhrif, á veiði því hverfandi af smíði nýrrar brúar. Lífríki leirunnar er fábreytt og lífmagn lítið, sérstaklega á efsta hluta hennar og/eða neðsta hluta áreyrana. Vegna þess og fleiri þátta hefur vegagerð lítil áhrif og er samræmanleg ákvæðum Ramsarsmningins, ef svæðið væri skráð sem slíkt.
- Eigandi Hrófbergs hefur stefnt Vegagerðinni vegna þess hve Staðará hefur breytt farvegi sínum neðan brúar. Vegagerðin telur ljóst að til einhverra fyrirhleðslna eða varnargarða mun koma til að halda ánni í farvegi um og við landamerkin. Einhver röskun verður því á ósasvæðinu óháð vegaf framkvæmdum.

- Núverandi vegur, þrátt fyrir verulegar aðgerðir, yrði engu að síður mjög snjóþungur einkum í hlíðinni þar sem hún er bröttust milli bæjanna. Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að á þessum slóðum telst frekar snjólétt meðan snjóalög eru þynnri 2,0 m. Beggja vegna Grænaneshæðarinnar mældist snjóstál í efri kanti 6-8 m hátt (1995). Sjá kafla 2.2. í kynningarskýrslu þessari.
- Tölulegar staðreyndir um bratta og sjónlengdir taka af allan vafa um ágæti núverandi vegar í þessum efnum og óþarfi að efast nokkuð um það.
- Viðunandi lausn, sem sátt getur ríkt um næstu tvo áratugi eða lengur, á vegasamgöngum milli Drangsness og Hólmavíkur næst ekki með betrumbótum á núverandi legu Strandavegar á þessum kafla. Með núverandi vegstæði næst ekki að uppfylla þau markmið, sem fjallað er um í kafla 1.2 og eru grundvöllur eða ástæða þess að þess að Alþingi hefur veitt fé til þessarar framkvæmdar.

Það er rétt hjá UST að lega Strandavegar í Steingrímsfjarðarbotni, eins og hún er sett fram í aðalskipulaginu, samrýmist ekki markmiðinu „*Að því skal stefnt að friða árbakka, strendur vatna og sjávar svo sem fram kemur í lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingarmál.*“ Þetta er almennt markmið. Annað almennt markmið stjórnvalda eru góðar og öruggar samgöngur svo atvinnulífið verði samkeppnisfært og mannlíf allt með viðunandi hætt. Þar sem almenn markmið stangast á verður að vega og meta hver þeirra eigi að vera ráðandi og hver víkjandi í hverju tilviki.

Vegagerðin hefur metið vatnsskipti í ætluðum tjörnum landmegin við nýja veginn milli Grænanness og Stakkaness. Sjá mynd 1.

- Í tjörn að stærð 1,77 ha verða sett 2 plastræsi, 9000 og 1000 mm í þvermál í stöðvum 700 og 900
- Í tjörn að stærð 0,28 ha verða sett 2 plastræsi, 600 og 700 mm í þvermál í stöðvum 1420 og 1540
- Í tjörn að stærð 0,57 ha verða sett 2 plastræsi, 700 og 800 mm í þvermál í stöðvum 1840 og 1980

Ræsin eru vel stór. Afköst um 10 % umfram þörf.



Mynd 1

Stærðarákvörðun ræsa

Lón 1: 1,77 ha		
T	sveiflutími sjávarfalla = 12 klst og 20 mín	44400 sek
h	sjávarsveiflan = 1,5 m á meðalstórstraum	0.98 m
	Lónbotn -0.23	
A	flatarmál lóns	17700 m ²
Q	$\pi Ah/T$ (meðalrennsli á meðalstórstraum)	1.227 m ³ /sek
V	Rennslis hraði í ræsi	2 m ³ /sek
d	$\text{Þvermál ræsis, alltaf 2 ræsi í lón}$ $\text{SQRT}(4Q/\pi V)$	
d	Nauðsynlegt þvermál hvors ræsis	0.625 m ²
d1	Notað verður plastræsi, þvermál	900 mm
d2	Notað verður plastræsi, þvermál	1000 mm
d1	Þvermál	0.636 m ²
d2	Þvermál	0.785 m ²
	Öryggisstuðull	1.137

Lón 2: 0,28 ha		
T	sveiflutími sjávarfalla = 12 klst og 20 mín	44400 sek
h	sjávarsveiflan = 1,5 m á meðalstórstraum	1.5 m
	Lónbotn -0.28	1.03
A	flatarmál lóns	2800 m ²
Q	$\pi Ah/T$ (meðalrennsli á meðalstórstraum)	0.297 m ³ /sek
V	Rennslis hraði í ræsi	2 m ³ /sek
d	$\text{Þvermál ræsis, alltaf 2 ræsi í lón}$ $\text{SQRT}(4Q/\pi 2V)$	
d	Nauðsynlegt þvermál hvors ræsis	0.308 m ²
d1	Notað verður plastræsi, þvermál	600 mm
d2	Notað verður plastræsi, þvermál	700 mm
d1	Þvermál	0.283 m ²
d2	Þvermál	0.385 m ²
	Öryggisstuðull	1.085

Lón 3: 0,57 ha		
T	sveiflutími sjávarfalla = 12 klst og 20 mín	44400 sek
h	sjávarsveiflan = 1,5 m á meðalstórstraum	1.27 m
	Lónbotn -0.52	
A	flatarmál lóns	5700 m ²
Q	$\pi Ah/T$ (meðalrennsli á meðalstórstraum)	0.512 m ³ /sek
V	Rennslis hraði í ræsi	2 m ³ /sek
d	$\text{Þvermál ræsis, alltaf 2 ræsi í lón}$ $\text{SQRT}(4Q/\pi V)$	
d	Nauðsynlegt þvermál hvors ræsis	0.404 m ²
d1	Notað verður plastræsi, þvermál	700 mm
d2	Notað verður plastræsi, þvermál	800 mm
d1	Þvermál	0.385 m ²
d2	Þvermál	0.503 m ²
	Öryggisstuðull	1.099

VEGAGERÐIN	
Miðstöð <i>EEG</i>	
Mótt.	14 Júlí 2010
Skjalalykill	11114020
Málsnr.	210080101025

Reykjanesbæ 12.07.2010

Til þess sem málið varðar!


Efni: Fyrirhugaðar framkvæmdir við lagningu Strandavegar (8643) um land Grænaness, (land nr. 141870) Strandabyggð.


Ég, Sigurður Hólm Sigurðsson, kt. 040346-2799, sem er stæðsti eigandi Grænaness, með tæpan 48% eignarhlut í Jörðinni, ásamt systurum mínum Fanneyju Sigurðardóttur og Guðrúnu Sigurðardóttur sem samtals eigum ráðandi hlutur í Grænanesi, lýsum okkur alfarið andvíg fyrirhuguðu vegastæði.

Jörðin Grænanes er sjávarjörð og verðmæti Jarðarinnar liggja fyrst og fremst í legu hennar mót suðri, fjörunni og aðgengi hennar að sjó. Með fyrirhugaðri vegalagningu væri aðgengi að fjörunni algjörlega útilokað og að ég tali nú ekki um þau umhverfisspjöll sem slík framkvæmd myndi valda lífríki fjörunnar.

Ég hef haft samband við nokkra aðra eigendur Jarðarinnar og eru þeir flestir á sömu skoðun og við.


Sigurður Hólm Sigurðsson


Ingibjörg Fanney Sigurðardóttir 200612-3849


Guðrún Magnús Sigurðardóttir 080249-1259

Reykjavík, 20. júlí 2010.

VEGAGERÐIN	
Miðstöð	
Mótt.	26. Júl. 2010
Skjalalykill	40.20
Málsnr.	200981040025

Efni: Bréf Vegagerðarinnar frá 23. júní 2010 – tilvísun 2008040025/40.20 vegna fyrirhuguð framkvæmd við lagningu Strandavegar (643), um land Grænanes (landnr. 141870) Strandabyggð.

Í bréfi Vegagerðarinnar er tilkynnt fyrirhuguð framkvæmd við lagningu Strandavegar (643), um land Grænanes (landnr. 141870) Strandabyggð. Eins og kemur fram í umræddu bréfi er áformað að nýr vegur liggji um 500 m neðar en núverandi vegur. Sá vegur mun liggja um land jarðanna Hrófberg, Stakkanes og Grænanes.

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Grænanes mótmælum fyrirhuguðu vegastæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu eyðileggja öll núverandi hlunnindi og nýtingu eigenda jarðarinnar af henni og rýra verðgildi hennar til framtíðar. Með nýjum vegi verður veruleg röskun á nátturu- og dýralífi á jörðinni og nýtingu þess fyrir jörðina og svæðið. Má benda á að í fjörunni er fjölbreytt fuglalíf. Þá má einnig benda á að ekki hefur verið leitað álits Fiskistofu eða Landbúnaðarstofunnar (Veiðimálastofunnar) á áhrifum framkvæmda á veiði á svæðinu. Það er mat okkar að fyrirhugað vegastæði mun hafa varanleg áhrif á veiði á svæðinu til verri vegar. Það er óásættnalegt að ekki sé leitað eftir áliti umræddra stofnanna um áhrif framkvæmda á svæðinu.

Við leggjum til að fyrirhuguðum vegi verði fundið annað vegastæði sem leiði ekki til eyðileggingar á jörðinni og mótmælum harðlega fyrirhuguðu vegastæði eins og því er lýst í bréfi Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllt,

Björn Eirason 230366-4389

Andriú Björnsson 080934-6539

Jón Rímur Arnason 29.03.62-3269



Grænanes/til minnis

Jón Hörður Elfsson o Kristján Kristjánsson

20.07.2010 16:23

Cc: Auðunn Hálfðanarson

Sæll

Guðbjörg Björnsdóttir búsett á Hrafnistu Hafnarfirði hafði samband í dag og hafði áhyggjur af frænsli sróri frá skúr sem hún á á Grænanesi, ef vegurinn kæmi með sjó. Það hún um að Vegagerðin sæi til þess að ekki hlyti vandræði af. Hún vill ekki að vegurinn verði lagður ofan við húsin, virtist sátt við veglínu með sjó. Þiður um að vera látinn vita ef breytingar verða. Guðmundur bróðir hennar segir að þarna sé rotþró og ekkert vandamál með lögnina.

Ég fór í skoðunarferð með Guðmundi Björnssyni um Grænanesland í dag, til glöggvunar á landamerkjum. Landamerki á milli Stakkaness og Grænanes virðist sátt um, eitthvað virðist á reyki landamerki á milli Grænanes og Geirmundarstaða. Guðmundur samþykkir veglínu með sjónum.

Jón Hörður Elfsson
RekstrarstjóriChief of Service Area,
Icelandic Road Administration (ICERA)

» +354 522 1000 » +354 892 1403

» jhe@vegagerdin.is» www.vegagerdin.is

» Skeiði, 510 Hólmarvík



grænanes
gshofdi@simnet.is to: kk

20.08.2010 13:40

History: This message has been replied to.



breytingarnar á veginum eru í lagi mín vegna







grænanes
gshofdi@simnet.is to: kk

20.08.2010 15:51

sorry gunnlaugur sigurmundsson kt 0901524679







Núverandi vegur, núllkostur

Í eftirfarandi töflum er sett fram efnisþörf við mismunandi hæðarlegu og bratta fláa við mögulegar lagfæringar á núverandi vegi. Í lausnum t643-999a og t643-999b er reiknað með flötum fláum (1:3) og þeir ná niður í fjöru þannig að rofverja yrði veginn. Í tilvikum t643-999 og t643-999b uppfyllir hæðarlegan ekki kröfur Veghönnunarreglna (2500 m hábogi við stöð 5150) en í kosti t643-999a er kröfunum fullnægt.

Þetta endurspeglast í miklu skeringarmagni í kosti t643-999a, liðlega tvöföldun miðað við t643-999b.

Efnisþörf:	Núverandi vegur t643-999 m ³	Núverandi vegur t643-999a m ³	Núverandi vegur t643-999b m ³
Yfirbygging og rofvörn			
Efra burðarlag og slitleg	5,737	5,748	5,748
Rofvörn	0	1,300	1,300
Neðra burðarlag	10,415	10,491	10,491
Samtals yfirb. og rofvörn	415	415	415
Efnisþörf: Undirbygging			
Undirbygging	81,800	139,146	173,235
Samtals efnisþörf nettó	82,215	139,561	173,650
Efnistap og yfirmagn 10 %	8,221	13,956	17,365
Heildarefnisþörf	90,436	153,517	191,015

Efnisútvegur:	Núverandi vegur t643-999 m ³	Núverandi vegur t643-999a m ³	Núverandi vegur t643-999b m ³
Skeringar	22,496	141,598	70,494
Námur:			
Náma C: Vörðukleif	0	1,300	1,300
Náma B: Hálsgrata	5,737	5,748	5,748
Náma A: Selá	32,300	4,900	57,500
Námur D og E: Staðará	30,000		56,000
Úr núverandi vegum	0	0	0
Samtals úr námum	68,037	11,948	120,548
Samtals námur og skeringar	90,533	153,546	191,042



Strandavegur (643), fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir

Haukur Alfredsson to: kristjan.kristjansson

30.09.2010 22:36

Cc: the, Böðvar Þórisson, asdis, tvgg

History: This message has been replied to.

Til Kristjáns Kristjánssonar
Vegagerðin

Með vísan í kynningu á skýrslu um fyrirhugaða vegaf framkvæmdir við Strandaveg (643).

Stjórn Veiðifélags Staðarár hefur fjallað um ofangreindar vegaf framkvæmdir og telur að þær muni hafa mjög alvarlegar afleiðingar og áhrif á lífríki veiðivatnsins, veiði, umhverfisins og ásýnd, bæði á framkvæmdartíma og eftir framkvæmdirnar.

Í ljósi þess hve framkvæmdirnar eru umfangsmiklar og hversu alvarlegar afleiðingar þær geta haft er óskað eftir fresti til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum og mótmælum til 15. október nk. Einnig er óskað eftir að skýrslan verði ekki gefin út án athugasemda frá Veiðifélagi Staðarár.

Óskað er eftir skriflegu svari og staðfestingu á móttöku þessa bréfs.

Virðingarfyllst,
fh Veiðifélags Staðarár
Haukur Alfredsson
formaður